

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 1. áfanga - ný biðstöð fyrir strætó.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 6. apríl sl. breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 1. áfanga. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýrri biðstöð fyrir strætó. Gerður er byggingarreitir fyrir aðstöðu vagnstjóra og sýnd möguleg staðsetning fyrir strætóskýli. Núverandi hljóðmön er að hluta til fjarlægð og gert er ráð fyrir hljóðgirðingum í staðinn.

Breyting á deiliskipulagi Áslands, 2. áfanga, vegna stækkunar lóðar við Gauksás 53.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 12. janúar sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að lóðin er stækkuð úr 765 m² í 920 m². Kvöð er á lóðinni um lagnaleiðir.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. apríl 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. maí 2022